

# MA-fréttir

Ritstjóri: Alma Oddgeirsdóttir

Myndir og uppsetning: Sverrir Páll



## Prófin

Vegna verkfallsins hefjast prófin þremur dögum síðar en skóladagatal gerði ráð fyrir, eða 27. maí, sjá

[http://www.ma.is/static/files/skolinn/Prof\\_sjprof/ProftaflaV14.pdf](http://www.ma.is/static/files/skolinn/Prof_sjprof/ProftaflaV14.pdf)

Reglulegum prófum í 1. bekk lýkur 5. júní en 6. júní í 2. bekk. Eftir þann tíma hefjast sjúkra- og endurtökuþróf.

Nemendur sem þurfa að taka endurtökuþróf þurfa því að gera ráð fyrir því að próftíðin standi til 13. júní.

Prófsýningar verða að loknum reglulegum prófum, væntanlega 10. eða 11. júní. Athugið að í 1. bekk er prófað á uppstigningardag og að sjúkra- og endurtökuþróf hefjast á annan í hvíta-sunnu.

Ekki er um formleg skólaslit að ræða í yngri bekkjum heldur lýkur skólaárinu þegar nemendur þreyta sitt síðasta próf. Stúdentar eru brautskráðir 17. júní.

## Að loknu verkfalli

Nú er skólastarf komið í fullan gang eftir verkfall og páskaleyfi. Nemendur skiluðu sér vel í skólann að loknu verkfalli og voru alla jafna kátir og glaðir að takast á við námið á ný. Eins og fram kemur á vef skólans

<http://www.ma.is/is/frettir/skolalok-tillaga> bætast við fimm kennsludagar vegna verkfallsins, búið er að kenna tvo, þriðjudag eftir páskaleyfi og sumardaginn fyrsta auk þess sem kennt verður þremur dögum lengur en áformað var. Kennarar hafa einnig ýmist aðlagð námsefnið nýjum tímaramma eða fellt út námsþætti. Það er ósk okkar verkfallið hafi sem minnst áhrif á gengi nemenda og líðan.

## Dagsetningar:

### Dimissio

**23. maí, föstudag**

Dimissio er síðasti kennsludagur og kveðjudagur stúdentsefna

### Próftíminn

**27. maí – 5. júní**

Prófin í 1. bekk eru til 5. júní. Sjúkra- og endurtökuþróf eru 9. – 13. júní

### Brautskráning

**17. júní**

Menntaskólanum á Akureyri er slitið að morgni 17. júní í Íþróttahöllinni

## Frá námsráðgjöfum

Nú fer að stytast í próftíð (og þá sumarfrí líka )  
og mikið að gera framundan,  
mikilvægt er þá að hafa gott skipulag á náminu  
svo allt gangi nú vel.

### Hjálpartæki

Hér eru nokkrir tenglar þar sem nálgast má  
skipulagstöflur og leiðbeiningar um hvernig best  
er að skipuleggja sig:

#### Að skipuleggja tímann:

[http://www.ma.is/static/files/skolinn/Prof\\_sjpr  
of/Namsradgjof/Ad\\_skipuleggja\\_timann.pdf](http://www.ma.is/static/files/skolinn/Prof_sjpr/of/Namsradgjof/Ad_skipuleggja_timann.pdf)

#### Vikuskipulag:

[http://www.ma.is/static/files/skolinn/Prof\\_sjpr  
of/Namsradgjof/vikuskipulag-1.pdf](http://www.ma.is/static/files/skolinn/Prof_sjpr/of/Namsradgjof/vikuskipulag-1.pdf)

#### Forgangsroðun:

[http://www.ma.is/static/files/skolinn/Prof\\_sjpr  
of/Namsradgjof/forgangsrodun.pdf](http://www.ma.is/static/files/skolinn/Prof_sjpr/of/Namsradgjof/forgangsrodun.pdf)

### Örnámstækninámskeið

Nemendur eru hvattir til að nýta sér örnámstækninámskeiðin sem haldin eru reglulega. Þau eru  
auglýst á tilkynningaskjá og vef, **ekki þarf að skrá sig, bara mæta.**

### Lengri próftími - prófkviðanámskeið

Nemendur sem eiga rétt á lengri próftíma þurftu að  
sækja um fyrir 1. maí vegna vorannarprófa á **Innu**  
undir *flýtleiðir/skrá sérúrræði*.

Hér eru reglur varðandi lengri próftíma:

[http://www.ma.is/is/thjonusta/namsradgjof/lengri-  
proftimi](http://www.ma.is/is/thjonusta/namsradgjof/lengri-proftimi)

Prófkviðanámskeið verður haldið dagana **12. – 15.  
maí**. Skráning var fyrir **7. maí** hjá námsráðgjöfum.

Við hvetjum foreldra og nemendur til að hafa

samband við okkur námsráðgjafa ef eitthvað er, hægt er að kynna sér þjónustu okkar hér

<http://www.ma.is/is/thjonusta/namsradgjof>





## Kennsla raunvísinda innan Evrópusambandsins

Guðjón Andri Gylfason, efnafraeðikennari var nýlega valinn fulltrúi Íslands í vísindasamfélagi Scientix, en það eru regnhlífasamtök sem stjórnað er af evrópska skólanetinu (EUN).

Mikil áhersla er lögð á raunvísindakennslu innan Evrópu um þessar mundir. Til að halda utan um alla raunvísindakennslu innan Evrópusambandsins og evrópska efnahags-sambandsins voru stofnuð regnhlífasamtök sem kallast **Scientix** en þeim er stjórnað af evrópska skólanetinu (EUN) á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Hlutverk samtakanna er að miðla upplýsingum um verkefni, vefi, námskeið, ráðstefnur, skýrslur og annað þvívíkt innan Evrópu. Scientix safnar kennsluefni og rannsóknarskýrslum frá evrópskum verkefnum sem fjallað hafa um nám í raunvísindum og eru fjármögnuð af Evrópu-sambandinu undir 6. og 7. rammaáætlunum um rannsóknir og tækniþróun. Scientix samfélagið er

opið öllum sem áhuga hafa á vísindakennslu, efnið má nálgast gjaldfrítt á vefsíðu Scientix ([www.scientix.eu](http://www.scientix.eu)) eftir að viðkomandi hefur skráð sig sem félagi í samfélaginu.

Á hverju ári er fjöldi ráðstefna og námskeiða sem snerta raunvísindakennslu í grunn- og framhaldsskólum haldinn víðsvegar í Evrópu, auk þess sem hægt er að sækja styrki frá Evrópska skólanetinu (<http://www.eun.org/>) fyrir þessa viðburði.



Til að miðla öllum þessum upplýsingum auglýsti Scientix eftir umsóknum um stöðu sendiherra (ambassador) og tveggja fulltrúa

sendiherra (deputy ambassador) samtakanna í hverju Evrópulandi fyrir sig. Frá Íslandi var dr. Jóhanna Arnórsdóttir, kennari í Menntaskólanum í Reykjavík, ráðin sendiherra og Guðjón Andri Gylfason, kennari í Menntaskólanum á Akureyri og Fjalar Freyr Einarsson, kennari í Varmáarskóla, ráðnir fulltrúar sendiherra.



### Siglufjörður

Nemendur í 1. bekk fara í tvær námsferðir á vetrinum, menningarlæsinemar fara í leiðangur um atvinnu- og menningarsögu til Siglu-fjarðar og náttúrulæsinemar fara í jarðfræði- og náttúru-fræðileiðangur um Mývatnssveit. Þessi mynd var tekin á Siglufirði 30. apríl. Mývatnsferð verður 19. maí.

## Reglur um námsframvindu

### Sérstakt

Margt er ólíkt í skipulagi framhaldsskóla og grunnskóla. Eitt af því eru reglur um námsframvindu. Hægt er að skoða þær á

<http://www.ma.is/is/namid/reglur-um-nam/um-namsframvindu>



### Að komast milli ára

Til að komast á milli fyrsta og annars árs þarf að standast alla áfanga sem eiga sér eftirfara, það á við um alla áfanga á fyrsta ári nema íþróttir.



### Að vinna upp fall

Nemendur geta unnið upp fall haustannar í tungumálum og stærðfræði, það er ef nemandi fær 4 í ensku á haustönn en nær 6 á vorönn telst haustannaráfanginn vera staðinn þar sem hann náði að meðaltali 5 í ensku. Nái hann ekki að vinna upp haustannaráfanga eða fellur í vorannaráfanga þarf nemandinn að taka endurtökupróf sem haldin eru strax að loknum reglulegum prófum í júní og kostar hvert próf 8000 krónur.



### Endurtökupróf

Nemendur mega mest þreyta 3 endurtökupróf.



# FORMA

## Foreldrafélag Menntaskólans á Akureyri

Foreldrafélag Menntaskólans á Akureyri vinnur að hagsmunum ólögráða nemenda skólans og stuðlar með einum eða öðrum hætti að bættu samstarfi milli foreldra, skólafyrivalda og nemenda. Fundir eru mánaðarlega og eru foreldrar og forráðamenn hvattir til að vera virkir og senda okkur línu um málefni er varða börnin okkar. Netfang okkar er [forma@ma.is](mailto:forma@ma.is)

Í upphafi vetrar stóð FORMA fyrir ferðum nýnema að Hólavatni og tókst það með ágætum.

Foreldrafélagið hefur markvisst unnið að því að breyta því samskiptamunstri sem myndast hafði milli nýnema og lokaársnema og teljum við að nokkuð hafi áunnist í þeim efnum en áframhaldandi vinna og aðhald er nauðsyn.

Það hefur verið okkur ofarlega í huga í vetur að fylgjast með og kanna líðan barnanna okkar í námi. Viðamikil könnun var gerð meðal nemenda á 2.-4. ári af hálfu skólafyrivalda á ýmsum þáttum m.a. á skipulagi og álagi í námi, brottfalli af raungreinasviði og andlegri líðan nemenda. Sú könnun gaf ýmsar vísbendingar um hvað betur mætti fara og væntum við þess

að því verði fylgt úr hlaði og að við sjáum jákvæðar breytingar strax næsta haust.

### Framundan er fræðslukvöld fyrir foreldra og forráðamenn nemenda í 1. og 2. bekk.

Guðjón Hauksson þjónustustjóri tölvudeildar MA flytur erindi sem ber yfirskriftina UPPLÝSINGATÆKNI Í ÓGÖNGUM? og mun hann fjalla um kosti og galla netmiðla og kynna drög að nýjum notkunarreglum netmiðla innan MA sem unnið hefur verið að s.l. vikur. Þá munu Kári Erlingsson og Gunnar Knutsen frá rannsóknarlögreglunni vera með fræðslu um fíkniefni.

**Dagsetning: þriðjudaginn 13.maí kl. 20 - 22**  
**Staður: Kvosin, salur Menntaskólans**

Við hvetjum að sjálfsögðu alla foreldra og forráðamenn til að mæta og hlýða á áhugaverð erindi, hittast, spjalla og þiggja léttar veitingar. Aðgangur er ókeypis.

Fyrir hönd stjórnar FORMA  
Eydís Valgarðsdóttir



## Mývatnssveit

Nemendur í 1. bekk fara sem fyrr sagði tvær námsferðir á vetrinum.

Hér er mynd frá haustferðinni í Mývatnssveit, sem var talsvert kuldaleg. Vonandi verður ögn hlýlegra þegar við förum vorferðina með 1. bekk A, F, G, H og I þann 19. maí.

## Mat og endurskoðun á Námskrá MA

Í vetur hefur farið fram vinna við mat og endurskoðun á námskrá skólans, en innleiðing nýrrar námskrár hófst skólaárið 2010-2011 og mun fyrsti hópurinn útskrifast samkvæmt nýju skipulagi í vor. Á haustönn var nokkuð umfangsmikil könnun lögð fyrir 2.-4. bekk, þar sem spurt var um ýmsa þætti skólastarfsins. Einnig svöruðu kennarar könnun þar sem sérstaklega var spurt um þætti sem tengjast breytingum á námskrá. Verkefnastjóri mats og endurskoðunar, sjálfsmatsnefnd og stjórnendur hafa farið yfir þessi gögn og í kjölfarið hafa verið gerðar tillögur að breytingum fyrir næstu skólaár. Áhersla verður lögð á að námskráin verði áfram í þróun

næstu ár, enda er henni ætlað að vera lifandi og sveigjanlegur rammi utan um skipulag skólans.

Velgengnisdagar hafa reynst skólanum dýrir og verða þeir felldir úr námskrá frá og með næsta hausti. Nemendur munu taka lífsleikniáfanga í stað velgengnisdaga, þar sem sérstök áhersla verður lögð á fjármálalæsi. Einnig verða breytingar á stærðfræði á raungreinasviði í 2. bekk, þar sem ekki verður lengur greint á milli A og B stærðfræði. Allir nemendur raungreinasviðs munu því taka sömu stærðfræðina en ákveðnir námsþættir verða færðir á efri ár.





# Úr félagslífinu



Félagslífið í Menntaskólanum á Akureyri er ævinlega mikið. Verkfallið setti að þessu sinni dálítinn svip á það, en lífið heldur áfram og margt hefur verið að gerast enda þótt það hafi ekki skert eins mikinn kennslutíma og verið hefði á eðlilegu skólaári.

## Morfis

Nemendur stóðu sig prýðilega í Morfis í vetur. Keppt var ýmist hér heima eða farið í keppnisferðir í aðra skóla. Morfislíðið átti góðan stuðning í félögum sem fylgdu liðinu á ferðum sínum.

Að þessu sinni komst MA í undanúrslit í Morfis.

## Gettu betur

Svipaða sögu er að segja af gengi liðs MA í spurningakeppninni Gettu betur. Þetta gekk vel, æfingar voru miklar og stuðningur í keppni heima og heiman var afar góður og mikill.

Að þessu sinni komst MA í undanúrslit í Gettu betur.

## Stelpurnar og Gettu betur

Lengi hefur verið mikil kynjaslagsíða í ýmsum leikum og keppni meðal framhaldsskólanna. Gettu betur hefur aðallega verið strákakeppni en stúlkunum hefur hins vegar vegnað betur í Morfis. Nú hefur verið ákveðið að freista þess að fjölga stelpum í Gettu betur, með því að hafa þar kynjakvóta. Til þess að freista þess að fá stelpur með í leikinn hafa verið skipulagðar æfingabúðir undir stjórn valinkunnra Gettu betur-stelpna. Sjá <https://www.facebook.com/gettubeturstelpur>



MA er trúlega eini framhaldsskólinn sem skartað hefur tveimur stúlkum í Gettu betur. Hér er hörkulið: Svala Lind Birnudóttir, Arna Hjörleifsdóttir og Konráð Guðjónsson í keppni í Sjónvarpinu

## LMA og Vorið vaknar

Leikfélag MA setti á svið rokksöngleikinn Vorið vaknar undir stjórn Jóns Gunnars Þórðarsonar. Allir aðrir sem áttu hluta að sýningunni voru nemendur skólans, í leik, söng, dönsum, tónlist og stjórnun. Sérstaklega vel þótti til takast og dómar voru góðir.